

Veturliði Guðnason

2. nóvember 2017

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrlar: Halla Kristín Einarsdóttir og Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Digital 4K

© Krumma films ehf.

Jesús Kristur, það var nú meiri uppákoman. Það var öldungis ótrúlegt. [Sími pípír] Fyrirgefiði ég ætla nú bara að slökkva á þessu.

Á þessum fundi? Þetta var, já sko, hérna, mér fannst sko furðulegt að koma á aðalfund hjá Samtökunum þar sem voru 300 manns. Því að þegar ég hafði komið þá höfðu verið svona fimmtán, tuttugu stykki og, og, og þótti nokkuð gott ef það voru þrjátíu, þá var bara mikil, og það sem að mér fannst líka mjög undarlegt var að ég kannaðist svona við hátt í helming af fólkinu en svo var þarna bara upp undir hundrað manns sem að ég hafði aldrei séð nokkurn tímann koma nálægt neinu gay eða eiginlega nokkrum sköpuðum hlut og ég held alveg örugglega að það sé hérna sko stuðningsmenn. Það er fólk sem styður hugmyndir. Sko það styður, það hefur enginn beðið það að styðja einhverja hugmynd eða neitt, það hefur gert það sjálft, það hérna tekur þetta upp hjá sjálfu sér að styðja einhverja hugmynd og ég sá þetta þannig að þeir sem að ráða þarna í Samtökunum þeir hefðu boðað greinilega, kallað út sitt lið af netinu, það er bara allir að koma og styðja þennan málstað. Svo að mér fannst þetta vera eins og í Fellini-mynd reyndar þegar að fólk var farið að gráta þarna á sviðinu og þetta snerist allt um tilfinningar þó það væri sérstaklega ráðinn fundarstjóri sem er sérþjálfaður til að eiga við órólegt fólk að þá réði hann varla við nokkurn skapaðan hlut því fólkíð var svo tilfinningalega æst. Það var grátandi og það var kvartandi og þetta snerist allt um það sjálft. Mér, mig, mín þú veist, og svo var þetta bara léttilega absúrd þú veist eins og þegar kemur þarna kona í, eða stúlka í rauðum kjól og segir ég er skáld og ég var að gefa út ljóðabók [hlær] og skammaði fólk fyrir að vera svona vont. Við værum svo vond. Þetta gekk aðallega út á það og þessi aðalfundur var náttúrulega, þetta er ekki lýðræði, alls ekki, þetta er ekki lýðræði þegar þetta kallar saman eitthvert fólk og láta það styðja einhverja fyrirfram hugmynd, og það er ekkert, það er ekki lýðræði.

Já sko ég myndi, ég myndi vilja taka þetta alveg beint frá stöðunni í, í núna, hvernig staðan er í dag eftir þetta, nú eru að verða komin 40 ár sem að fólk hefur staðið í þessum bardaga að reyna að fá að vera til og vera svona nokkurn veginn laus við það álag sem fylgir því að þurfa alltaf einhvern veginn að réttlæta tilveru sína gagnvart náunganum. Og það er bara alveg nóg að standa í þessu venjulega lífi þó að maður hafi það ekki á bakinu einhvern veginn líka, ég tala nú ekki um þegar alnæmið kom og allt sem því

fylgdi þegar fólk hrundi niður í kringum mann, að það var náttúrulega mikið álag líka. Svo gerist þetta að þetta er náttúrulega ekkert sem að er einskorðað við Ísland. Það sem gerist í löndunum í kringum okkur hefur náttúrulega mikil áhrif á það hvað gerist hér. Og það var svona hægt að þoka fólki til að skilja hlutina þegar það gerði sér grein fyrir því að þetta var að gerast í löndunum í kringum okkur og sérstaklega löndum sem að litið er til eins og Noregi og Hollandi og svona. Og svo þegar þetta fer að, að hérna skána svona um miðjan tíunda áratuginn, er ekki '96 sem að staðfest samvist kemur held ég að megi segja, og þá fer þetta svona mikið að skána og það verður mikil gleði hjá samkynhneigðum. Það verður mikil svona, léttara yfir öllu og það er mikil, mikið samkvæmislíf og fólk kynnist og þetta er allt svona mjög skemmtilegt og svo kemur önnur breyting þegar Gay pride kemur, þegar fyrsta Gleðigangan er árið 2000, að þá allt í einu verður eins og, eins og þáttaskil líka því þá var þetta ekki lengur bara, það er ekkert bara svo sem með lagalegu hliðina á þessu, hún er náttúrulega mjög merkileg og nauðsynleg og allt þetta en það sem er svona hin hliðin á þessari baráttu er það sem að gerist í höfðinu á fólkinu sjálfu, hvernig fólk nær sinni sjálfsvirðingu og sinni sjálfsmynd og fólk geti talað um þessa hluti á eðlilegan hátt og Gay pride með göngunni og öllu þessu húllumhæi, gerði alveg ótrúlega mikið á því sviði því að þarna gafst fólki allt í einu tækifæri til að sýna hug sinn án þess að segja eitthvað, án þess að vera að kveða upp úr með einhverjar skoðanir eða þess háttar, bara einfaldlega komið og verið með. Og þetta reyndist fólki mjög vel, ég hef séð þess mörg dæmi hérna að þar sem hafði verið svona hálfgerð vesen í fjölskyldum út af þessum málum að allt í einu mætti öll fjölskyldan í gönguna og horfði á og fór jafnvel með og það var aldrei sagt neitt og ekkert umtal en þetta var ljóst hvernig þetta var. Og þetta var bara ljómandi fínt og alveg allt í lagi. Svo gerist það einhvern veginn að það verður svona sem sagt, fólkið sem að hafði staðið í þessari baráttu allri það verður náttúrulega líka eldra. Það eldist eins og aðrir og það er ekki laust við að manni finnist að það hafi slakað á þegar að þetta var allt saman komið, núna rúllar þetta allt saman hérna eins og það á að gera. Og ég hef oft minnst á það að þegar að einmitt 2000, eftir fyrstu gönguna, bara daginn eftir á sunnudeginum að þá var fundur úti í Norræna húsi, menningaruppákoma þar sem kom fólk og hélt fyrirlestra og var rætt um þetta og þetta var bara mjög skemmtilegt á alla kanta, og þar var norsk kona, Kim Friele og hún, mikill baráttumaður í Noregi og hún er mjög virt þar í landi og hér náttúrulega líka, en hún kom og hélt þarna stutta tölu og sagði, þetta er allt saman mjög gott og mjög fínt en þið skuluð ekki halda að þetta sé bara búið og nú verði bara eilíf sæla það sem eftir er. Þið skuluð passa ykkur, haldiði í

Það sem þið hafið og gætið þess að þetta verði ekki tekið frá ykkur. Og svo er náttúrulega það sem gerist og manni finnst náttúrulega alveg ótrúlegt að hérna, vegna þess að þetta er orðið svona, það tókst að snúa beinlínis almenningsálitinu, að það sem var allt í einu, að allt í einu var þetta orðið politically correct eins og það er kallað, hérna pólitísk rétthugsun, að vera svona frekar fylgjandi því að fólk mætti vera eins og það er, það er nú kannski ekki mikið. En þetta er sem sagt komið inn í löndunum í kringum okkur og maður hélt nú að þetta væri nú í lagi og þá, þá er það náttúrulega mjög undarlegt að eina raunverulega ógnin, það eina sem vinnur á móti samkynhneigðum, það eina sem að breytir þessu, sem að fólk kvartar yfir að það skuli koma úr Samtökunum '78. Að það skuli vera félag samkynhneigðra sem að beinlínis leggst gegn samkynhneigðum, fælir samkynhneigða og sérstaklega hommana, fælir og hrekur þá úr Samtökunum og notar Samtökin í pólitískum tilgangi. Það var allan tímann sem að ég hef komið nálægt Samtökunum, það var bara þegjandi samkomulag að pólitík ætti, þetta gengi bara út á gay pólitík, það væri ekki verið að koma með neina flokkapólitík eða neitt þess háttar inn í Samtökin og nota þau til þess. En þarna er lítil pólitísk klíka sem að notar sér það að þetta tómarúm sem að myndast eftir að þessir sigrar hafa verið unnir, að nota sér þetta tómarúm til þess að leggja undir sig Samtökin og stela þeim. Samtökunum var hreinlega rænt, það verður bara að segjast eins og er, það gerist ekkert öðruvísi. Og taka sér hérna sko, svona kennivald, taka orðræðuna, taka valdið á orðræðunni, skipa fólki fyrir hvernig það á að tala og hvernig það á að hugsa og hvernig það á að hérna, hvað það á að kalla sig og hvernig það á að vera til. Og þetta gerist á löngum tíma. Og sumir segja að þetta hafi verið gert að yfirlögðu ráði, ég er ekki alveg viss um það ég held að þetta sé kannski meira sem sagt eldheitt hugsjónafólk, maður verður að virða það, þetta er hugsjónafólk þó að manni geðjist ekki að þessum hugsjónum. Að það hafi nýtt sér tækifærin þegar þau gáfust og smám saman taka þau öll völd þarna og alla orðræðuna og skipa fólki fyrir hvernig hlutirnir eiga að vera. Og það er ekkert smávegis. Það er hérna, ég sá þetta fyrst þegar ég sá þennan bækling hérna, Hvað er hinsegin? Og þá voru Samtökin flutt niður á Suðurgötu og ég lít þarna inn og sé þennan bækling og tek hann með mér heim og allt í lagi. Svo fer ég að líta á hann og öðrum megin er enska og hinum megin er íslenska og einhvern veginn er maður nú vanur því að þegar að maður sér svoleiðis texta að þá sé sami textinn sem sé annar á enski og svo sé bara íslensk þýðing, það sé sami textinn, sama efnið báðumegin. En í þessum bæklingi er það ekki. Enski textinn er bara orðalisti úr kynjafræði, bara termínalógía, það er bara sagt þessi orð þýða þetta, það er notað um þetta og þetta en í

Íslenskunni þá er búið að búa til heila hugmyndafræði úr þessari íðorðalista eða fagorðalista, þetta er fræðiorð. Og þá eru allt í einu komin heil hugmyndafræði þar sem að fólk er flokkað niður og það er allt á einhverjum, og búna til alls kyns skilgreiningar og það er allt með latneskum og grískum forskeytum og eitthvað voðalega undarlegt. Og fyrst fannst mér þessi texti voðalega skríttinn og áttaði mig kannski ekki alveg á því hvað þetta var, hvað er svona skrítið við þennan texta? Og svo sá ég það að málinu er gjörsamlega misbeitt, íslenskri tungu er gjörsamlega misbeitt til þess að þurfa aldrei að segja hitt kynið eða annað kynið, karl, kona eða maður. Því að það sem vakir fyrir þessari pólitísku klíku, þetta eru róttækir feministar og það er sérstök tegund af feminisma sko ekki bara, þeir trú á því að það séu ekki bara samfélagskerfin sem að kúga konur heldur er heimurinn bara samsettur af kúgunarkerfum. Og eina leiðin til þess að komast út úr þessum kúgunarkerfum er að afnema kynjaskiptinguna. Venjulegt fólk hugsar sem svo að afnema kynjaskiptinguna þýði það að afnema kynjaskiptingu í atvinnulífi og menntun og menningu og þess háttar og menn eru yfirleitt bara mjög sammála um það, það er bara sjálfsagður hlutur en þarna er hugsunin sú að afnema hreinlega þá hugsun að það séu til tvö kyn. Og því er haldið fram alveg consequent eins og maður segir á vondu máli að málinu er misbeitt til þess að komast framhjá því að segja hann eða hún eða þeir eða þau, þetta er ótrúlega mikið. Og þetta er í öllum þeirra málflutningi, þetta er alltaf gert si svona, ég man að þeir héldu einhvern fund í ráðhúsinu, eitthvert mót þar og þar stóð í auglýsingunni fyrir þetta, auðvelt er fyrir fólk að mæta eitt því vel verður tekið á móti öllum. Fólk kemur ekkert eitt. Fólk er ekki eitt, fólk er margt. Og þetta er allt svona eins. Það eru sem sagt aðrar kynhneigðir en gagnkynhneigð, það eru komnar margar kynhneigðir. Þau halda því miskunnarlaust fram að það séu til mörg kyn og það er gert í þessu [heldur uppi bæklingnum]. Ég fór og kvartaði aðeins yfir þessu, talaði við framkvæmdastýruna. Ég komst ekkert mjög langt, ég ætlaði að fara aðeins yfir þetta með henni. Nei, það þýddi ekki nokkurn skapaðan hlut því að hún spurði bara, hvað hefur þú farið í marga kynjafræði fyrirlestra? [hlær] Og þar með náttúrulega sá ég að það þýddi ekkert að tala við þetta fólk og það er ennþá þannig. Og þetta fólk, þetta eru sem sagt róttækir feministar, þetta er pínulítill klíka sem að hefur tekið öll völd þarna í Samtökunum og þau hafa sko, það vantar ekki að þau slái um sig með hérna, alls kyns heimspekistefnum og heimspekingum og slíku en þau snúa öllu á hvolf og fara beinlínis eftir því sem er verið að mótmæla. Ég varð náttúrulega að játa það að ég hef ekki farið í kynjafræðifyrirllestur [hlær] svo að ég, en ég var reyndar nýbúinn að þýða tvo þætti með Stephen Fry um hérna, þar sem hann fór

út um allan heim og kannaði þessi mál svo ég var búinn að lesa svolítið um þetta og svona, ja ég sá líka strax að þetta var afskaplega undarlegt og þetta gat ekki passað. Svo ég settist við og fór bara á netið og sem betur fer þá er náttúrulega mikið til af upplýsingum og þetta er allt á netinu og það var eins og að sökkva ofan í fen. Að því meira sem að maður kynnti sér þetta því óhugnanlegra varð þetta því að það sem ég hélt að væri eitthvað svona hálfgerðar kjaftasögur að, að stjórnin í Samtökunum sem þá var, það er búið að skipta um stjórn síðan og núna eru komnir hálfgerðir nytsamir sakleysingjar þarna sýnist mér, allavega þeir fylgja þessari sömu hugmyndafræði og hún er jafn slæm. Að það var verið að segja frá því að Samtökin væru á móti homnum, hommar væru karlmenn og þeir væru líka flestir sáttir við eigin líkama og þar með væru þeir forréttindastétt og það þyrfti ekkert að gera fyrir samkynhneigða því það væri búið að gera nóg fyrir samkynhneigða, nú væri komin röðin að hérna transfólki og intersex. Og mér fannst þetta dálítið svona ómannúðlegt að henda homnum og lesbíum út úr eigin félagi en, en þetta gæti bara ekkert verið að þetta væri eitthvað svona. Og strákar sem að ég þekki, menn, þeir sögðu, það var sameiginlega saga hjá þeim öllum að nei, ég fer ekki niður í Samtök, ég er ekki velkominn þar. Mér finnst ég ekki vera velkominn þar. Og auðvitað er enginn velkominn þar sem hann er talinn vera kúgari af forréttindastétt. Það bara segir sig sjálft þú veist. Og þetta kalla ég hatursorðræðu og ekkert annað. Og að þetta skuli vera til í félagi sem að kallar sig mannréttindafélag finnast mér sko fyrir neðan allar hellur sko. En svo heldur þetta bara áfram og ég fór sem sagt að kíkja á þetta á netinu og þegar að ég sá hvað þetta er óhugnanlegt, þetta er sko eins langt frá lýðræði og hægt er að hugsa sér, þetta er beinlínis einræði þannig að ég fór að kíkja á, get nú ekki beinlínis sagt að ég hafi lesið Hönnu Arendt en ég hef lesið það sem er sagt um Hönnu Arendt og það hvernig verður einræði til? Og setti mig svolítið inn í þetta og ég nýt þess náttúrulega að geta þó lesið þetta á ensku og þýsku og fleiri málum og þegar Wikipediu ber saman á fleiri en einu tungumáli að þá held ég að hægt sé að treysta henni svona nokkurn veginn. Og í þessu dæmi þá kemur það sem sagt í ljós, ég fer að kíkja á þetta einræði að hérna frægasta dæmi um einræði er í raun og veru skáldsaga Orwells, 1984, og hún er kennd í skólum og er skyldulesning í skólum og það kannast langflestir við þetta. Og á Wikipediu þá stendur það einmitt, það eru bókmenntafræðingar á Wikipediu að segja frá bókinni sem sagt að það yrði það sem gerist í þessu einveldis, alræðisríki sem lýst er í 1984 er að það er fyrirskipað nýtt tungumál. Og það tungumál er þannig að það er breytt hefðbundnu tungumáli, það er hérna, afnumin blæbrigði málsins, það eru notaðar skammstafanir og það eru afmáð

orð. Og feministarnir sem hafa stjórnað Samtökunum og gera enn gera bara nákvæmlega það sama. Það er eins og þau hafi tekið 1984 og notað hana sem leiðarvísi til þess að vita hvernig nær maður einræði og alræði því þau gera nákvæmlega þetta. Þau breyta hefðbundnu tungumáli með þessu að halda því fram að það séu til mörg kyn, aðrar kynhneigðir en gagnkynhneigð, það er náttúrulega ekkert hægt, í fyrsta lagi er þetta náttúrulega mótsögn í sjálfu sér. Gagn er náttúrulega eitthvað á móti, það getur ekki verið eitthvað margt annað en gagn sem sagt það gengur bara ekki upp. Svo erum við 98% simpansar, bara spendýr, og það er ekkert komist framhjá því að kynin eru tvö, þau eru ekkert mörg. Og kynhneigð þýðir hneigð til kyns, kynferðisleg hneigð er allt annað, það er miklu víðtækara en kynhneigð þýðir bara hneigð til kyns. Þess vegna er heldur ekki til nein eykynhneigð, hún er ekki til, það er ekki til neitt eykyn. Þetta er bara bull. Og raunverulega er það sem má segja, ég sýndi þetta [heldur uppi bæklingnum] fyrrverandi stjórnarmeðlimum í Samtökunum þegar ég var sem reiðastur út af þessu og þeir litu á þetta hvor í sínu lagi eða þannig, þeir voru þrír, litu á þetta, fóru að hlæja og sögðu, hafðu engar áhyggjur af þessu það sjá allir að þetta er bull. Þetta voru menn sem voru búnir að vinna lengi í félagsmálum samkynhneigðra. Allavega ég, ætlaði að telja upp þessar sem þau gera eins og í 1984. Það er þetta að breyta hefðbundnu tungumáli með því allt í einu, þú átt að hafa annað fornafn og allt, þú átt að velja þér fornafn sem að hentar þér því að þú átt að geta ráðið því sjálf af hvaða kyni þú ert. Breyta hefðbundnu tungumáli. Þeir eyða blæbrigðum málsins. Nú er ekki talað lengur um homma og lesbíur og samkynhneigð, það er bara talað um hinsegin. Hinsegin, hinsegin, hinsegin alltaf. Ekkert annað því það má ekki hafa blæbrigði í tungumálinu þá gæti fólk farið að hugsa sjálfstætt, það væri alveg skelfilegt. Nota skammstafanir, það er eitt sem þau gera líka. LGBTQIA+ það er hinsegin samfélagið, sem er eitthvert sælusamfélag sem að ég hef hvergi rekist á nokkurs staðar og er líka, ég get fullyrt það, er hvergi til nema á netinu og svo kannski í því sem þau kalla hið örugga rými kennslustofunnar. Það er þegar fólk kemur saman og enginn dirfist að mótmæla. Það er hinsegin samfélag. Og þetta síðasta að afmá orð, útiloka orð því að nú má ekki segja gay. Það er búið að útiloka, það bara kemur hvergi fyrir, það er bara meira að segja Gay pride heitir ekki lengur Gay pride. Samkvæmt orderu frá þeim þá heitir það Hinsegin dagar og ekkert, Hinsegin, Reykjavík Pride heitir þetta, það má ekki vera neitt. Þetta er bara Reykjavík pride. Og hérna, hvers vegna má ekki segja gay? Ég var lengi að velta þessu fyrir mér en svo gerði ég mér grein fyrir því að á ensku er gay aðallega haft um karlmenn og karlmenn eru kúgarar. Þeir eru forrættindastétt og

kúgarar og eiga náttúrulega bara helst ekki að vera til. Og hér það sem er kannski verra er það að á íslensku og Íslandi þá var gay alltaf notað um bæði kynin og það að það var gay fólk sem að vann þessa sigra, það má segja það, það hafi verið þetta og Gay pride og allir voru bara sáttir við þetta orð. Þetta er auðvitað enskt orð en þetta ekkert verra tökuorð en bíó og mótör og svoleiðis og allir bara sáttir við þetta. En þetta fellur ekki inn í feminískan hugsunarhátt af því að feministar, róttækir feministar, geta ekki séð fyrir sér að bæði kynin vinni saman að einhverju máli og séu bara sátt. Það passar ekki af því að karlarnir hljóta að kúga konurnar, öðruvísi gengur feminisminn ekki upp. Svo þetta er eitt af því sem að mér finnst svo óhugnarlegt, að það skuli koma ógnin við réttindi samkynhneigðra því að raunverulega er þetta ógn við réttindin, þetta er þöggun, að þetta skuli koma frá, fyrrverandi samtökum samkynhneigðra því það er ekki hægt að kalla þetta samtök samkynhneigðra núna, það er búið að hrekja það fólk í burtu. Og svo við komum aftur að þessum aðalfundi að þá sást það alveg greinilega að það voru, það var eldra fólk, það var þeir sem höfðu unnið í þessari baráttu að það voru þeir sem að urðu undir og það voru þeir sem að var verið að raunverulega verið að hrekja fólk úr Samtökunum með því að taka inn félag straight fólks, gagnkynhneigðs fólks. Ég veit alveg nógu mikið um þetta félag til þess að geta fullyrt það að, að, að þetta var, er félag gagnkynhneigðs fólks. En þá eru þessir hinseginfræðingar búnir að finna upp hugtak sem heitir kynvitund og það er eitthvað algjörlega nýtt og sem segir fólk þá hvers kyns það er. Og fólk á að skilgreina sig sjálft. Það á að skilgreina sem þetta eða hitt og þá hvernig hinsegin því það er ekki nóg með að vera hinsegin, fólk er hinsegin á einn eða annan hátt. Þá er búið að vatna þetta svoleiðis út að þetta þýðir ekki nokkurn skapaðan hlut, það þýðir ekkert. Og það sem er kannski líka ljótt við þetta að þessi, þessi nýju samtök, það verður víst að kalla þau það, að þau hika heldur ekkert við að segja ósatt. Það er ekkert, sko tilgangurinn helgar meðalið greinilega og sjálft orðið hinsegin að því er haldið fram á Áttavitanum til dæmis, vefsíðu Hins hússins sem að er styrkt af Reykjavíkurborg eða er bara Reykjavíkurborg og líka reyndar þá á vefsíðu borgarinnar þar sem að hinsegin hugtökin eru útskýrð að þar er því haldið fram að hinsegin, orðið hinsegin hafi verið níðorð og það hafi verið tekið upp sem, sem sagt pósitíft orð og jákvætt orð um, af hinseginfólki, hinseginfólk hafi tekið það upp sem hérna jákvætt og nú hafi sem sagt fjöldi hinseginfólks hafi sætt sig við þetta. Nú, er þetta bara einfaldlega rangt og við getum bara flett upp í orðabók þá sérðu það að hinsegin hefur aldrei verið níðorð heldur þvert á móti svokallað veigrunarorð. Þetta eru sem sagt kölluð skrauthvörf líka það er að segja fegrunardæmi það er að segja nota



svona mildara og huggulegra orð sem að móðgar ekki fólk í staðinn fyrir að segja eitthvað ljótt. Og hinsegin er nákvæmlega þannig að það, þetta var notað sem, alltaf svona sem léttilega sko samkynhneigðir notuðu þetta orð svona sem léttilegt grín pínulítið og þetta var notað af sko Gay pride, að Gay pride hét sko Gay pride - Hinsegin dagar, different days. Og þetta var notað í merkingunni different, í merkingunni öðruvísi, öðruvísi dagar. Og það var vegna þess að það var verið að, kom fram svolítill mótmæli gegn því að, eða þannig, gagnrýni á það að hommar og lesbíur og samkynhneigðir sem sagt væru að halda svona gleðihátíð og það væru engin mótmæli. Það væru engin, það væri ekkert prótest, það væri ekki verið að lýsa frati á eitthvað, það væri ekki verið að mótmæla einhverju heldur bara verið að gleðjast og þá var þetta sem sagt Hinsegin dagar - Different days til að leggja áherslu á það að þarna einu sinni á ári tæki maður sig saman og hefði það gott og skemmtilegt og svo hefði maður allan afganginn á árinu til þess að berjast fyrir réttindum. Sem sagt þetta er öðruvísi. Og hinsegin þýðir ekkert annað en öðruvísi. Þessir fræðingar, hinseginfræðingar sem að standa fyrir þessari skelfilegu hugmyndafræði nota þetta sem þýðingu á enska orðinu queer. Og queer þýðir bara ekkert hinsegin, queer þýðir svona nokkurn veginn þver. Og fyrir utan það að þeir eru náttúrulega búnir að misnota þetta algerlega að þá er þetta, þetta er heimatilbúið. Þetta er uppspuni frá rótum. Það er ekki nokkur hlutur sem að undirbyggir þessa hinsegin hugmyndafræði, það eru engar rannsóknir, það eru engin viðtöl við fólk, það er ekki þannig að þetta hafi verið rætt í Samtökunum, þessu var bara dembt yfir hausinn á fólki og það af konum með háskólapróf, og þær veifa því út og suður að þær séu háskólamenntaðar, og þá kemur sem sagt þessi hinseginfræði og hinseginhugmyndafræði, kemur ofan úr Háskóla, hent yfir samkynhneigða og þeir eru hraktir úr sínu eigin félagi.

Ég held. Ég var að reyna að gera mér grein fyrir því hvað, hvað verður sko. Sko það er nefnilega líka eitt sem að maður verður að átta sig á sko að herna, sko, öll þessi hinsegin saga, allt þetta hinseginfræði, þetta orð hinsegin, að taka þetta upp og nota þetta orð hinsegin um alla skapaða hluti að það er, svolítið undarlegt hvað þessu er vel tekið og þessu er náttúrulega vel tekið vegna þess að þetta kemur sumu fólki, ýmsu fólki vel. Það kemur, sko fjölmiðlar taka þessari hinsegin hugmyndafræði allri og þessu ráni Samtakanna og þessu, þessum hugmyndafræðingum þarna, þeir taka þessu þarna bara eins og þetta sé einhver brandari, að þetta sé bara skemmtilegt. Að það séu bara einhverjar konur svona sem að búa til ný orð, þetta er voðalega gaman, kynsegin og

cis-kynja og svona og þetta er bara eitthvað svona sem að er bara hérna gaman að hafa og bara svona einhver skemmtileg flóra. Og svo finnst fjölmiðlafólki held ég og mörgum svona það þægilegt að segja frekar hinsegin heldur en að þurfa að segja samkynhneigður eða hommi og lesbía, maður kannast alveg við það að menn bara roðna ef þeir þurfa að segja hommi þú veist, það er gamalkunnugt. Og svo gengur þetta líka ágætlega í menn sem að eru eitthvað í vandræðum með það að koma út úr skápnum og einhvern veginn vilja, því að þó það sé orðið auðveldara að koma út úr skápnum það þýðir engan veginn að það sé eitthvað endilega léttara fyrir hvern og einn því að þetta er alltaf svolítið brot út úr þessu venjulega. Og það eru margir sem að vilja einhvern veginn komast framhjá þessu og þá virðist þetta vera afskaplega hentug lausn því ef þú ákveður, hver einstaklingur eins og þeir segja, þeir segja ekki maður, það má ekki segja maður af því að það er karlkyns, að getur ákveðið það sjálfur af hvaða kyni hann er, það stendur í Hinsegin frá A til Ö, karl, það er einstaklingur sem skilgreinir sig sem karl, sem sagt, og þá þýðir það náttúrulega að fyrir menn sem að eru einhvern veginn beggja blands einhvern veginn og, og svona kannski giftir og eitthvað svona og ekkert að átta sig á þessu það er alveg til, mikið um það meira að segja, að þá er það hinn einfaldasti hlutur að meðan þú sefur hjá karlmanni þá skilgreinirðu þig bara af einhverju allt öðru kyni og skilgreinirðu þig aftur sem gagnkynhneigðann þegar þú ferð heim til konunnar, það er bara mjög þægilegt. Og þetta er notað sér miskunnarlaust alveg eins og allur þeirra áróður byggir greinilega á hatri. Það er, heimsmyndin er sú að það séu kúgunarkerfi, þetta er ekki, þetta er ekki einhver ímyndun í mér, þetta er meira að segja á vef jafnréttisstofu þá sá ég grein eftir konu, þetta er kynjafræðikennari, og þar er þetta beinlínis að konur lifi í, við fjandsamlega menningu og það þurfi að endurmennta og endurskilgreina karlmennsku, endurmennta karlmenn og svo klykkir hún út í lokin, en auðvitað að hinsegin fræðsla er sjálfsögð. Og þá veit maður hvernig sú fræðsla verður. Og það getur ekkert verið skemmtileg tilhugsun að það komi fólk í skólana sem kennir börnum að það séu til mörg kyn, sem sagt í trássi við líffræðina því þetta er bara gengur ekki upp. Og það er sáð tortryggni sem sagt með röngum þýðingum bara hreinlega, bara kallast það, eins og það að það stendur allstaðar í textum sem að koma fá þessum hinseginfræðingum, það stendur allstaðar að, að kyni sé úthlutað við fæðingu. Og þetta fannst mér líka voða skrítið en þá er þetta, kyni er auðvitað ekki úthlutað, maður úthlutar einhverju þar sem nóg er af. Það er úthlutað styrkjum, það er úthlutað úr potti, það er sem sagt, en það er verið að koma inn þessari hugmynd að kynin séu mörg og það sé svona nokkurn veginn geðþóttaákvörðun hjá einhverjum heilbrigðisstéttum sem eru

náttúrulega bara gagnkynhneigðar og þar með óvinir, það er alltaf með þessa óvini og hatrið, sem úthluti kynjum eftir herna geðþótta. Kyni er auðvitað ekki úthlutað. Þetta er þýðing á assign, enska orðinu assign. Og assign þýðir að vísu í tölvumáli þýðir að úthluta, úthluta plássi í tölvuminni og þess háttar en assign er lögfræðilegt hugtak sem þýðir bara hreinlega að merkja, afsala. Þú veist, the property is assigned to him, hann hefur fengið, það er afsalað honum, hann fær það. Og eina orðið sem að er þarna eðlilegt og, og það er að greina og auðvitað er kyn bara greint það segir sig sjálf. En það er reynt að koma inn, beita mikið svona, að koma inn hugmyndum með orðalaginu og sá tortryggni og hatri því að þetta er náttúrulega illska í raun og veru og mannvonska sem að er þarna á ferðinni, og mannfyrirlitning í raun og veru. Svo láta þau eins og þau séu að herna, hafi, beri sérstaklega hag transfólks og intersexfólks fyrir brjósti en það er auðvitað alls ekki rétt, þeir eru einfaldlega bara að beita þessu fólki fyrir sig til að koma sínu markmiði áfram, fyrsta skrefinu í að afnema þá hugsun að það séu til tvö kyn sem þau kalla tvíhyggju aukheldur. Sem sagt ef þú skilgreinir þig utan tvíhyggjunnar að þá, sem sagt tekur ekki þátt í þessum sirkus að það séu til tvö kyn, en það er fyrsta skrefið í því að afnema þá hugsun og að þessvegna eru transfólk og intersexfólk kjörið svona dæmi um það að þetta sé nú ekki allt sem sýnist í þessum málum. Og sko þau eru beinlínis á móti homnum að það verður nú bara að segjast eins og er. Hommar eru kúgarar og þeir eru, eins og stendur í Hinsegin til A til Ö, A til Ö, að þeir séu sko neysluglaðir, að þeir hafi gengið í lið með gagnkynhneigða fólkinu. Það er alltaf verið að búa til einhverja óvini þú veist. Sko samkynhneigðir hafa aldrei haldið því fram að gagnkynhneigðir séu á móti samkynhneigðum, það er bara bull, það hefur aldrei nokkur maður sagt það, auðvitað ekki. Þetta er, en þetta er populismi og þess vegna er náttúrulega öll röksemdafærsla sem hinseginfræðingarnir koma með í Samtökunum er af sömu rót og af samskonar, sama tagi og er hjá populískum flokkum og Trump til dæmis að þeir koma með sinn sannleika. Það er annar sannleikur, það sem kallað er alternative truth, að ef mér finnst það þá er það rétt. Ef mér finnst að ég sé af öðru kyni, hvorki karl né kona heldur eitthvert óskilgreint kyn að þá er það bara rétt. Og þetta, og ef að mér finnst að kyni sé úthlutað við fæðingu þá er það bara rétt. Og þetta er populismi af versta tagi og það er, ég held að það sé bara alveg klárt að það er aldrei til góðs að, að koma með hálf-sannleik og hreinar lygar. [hlær] Á ég að blaðra hér í allan dag?